

**Ed. 614. Frumvarp til laga [251. mál]**

um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. apríl.)

2. mgr. 6. gr. orðist svo: 1. gr.

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðni. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.

2. mgr. 7. gr. orðist svo: 2. gr.

Fyrirtæki og einstaklingar, sem um getur í 1. til og með 5. tl. 1. mgr. 5. gr., mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru upp í 2. tl., mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra eða séu hluti af birgðum eiturefna, sem flutt hafa verið inn til eigin þarfa fyrirtækjanna. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning, sem inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla, er lúta að þessu og sett verða í reglugerð skv. 16. gr. Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur frá 5. gr. laganna.

3. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi við birtingu.